



Flóahreppur
Þingborg
801 Selfoss



Stjórnarráð Íslands
Mennta- og
barnamálaráðuneytið

mrn@mrn.is
545 9500

Sölvhólgötu 4,
101 Reykjavík

stjornarradid.is

Reykjavík 29. desember 2022
Tilv.: MRN22110134/6.23.0


Vísað er til bréfs mennta- og barnamálaráðherra til sveitarfélaganna sem eiga aðild að byggðasamlögum Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu og Skóla- og velferðarþjónustu Árneshöfða, og eru aðilar að þjónustusamningi um sérdeild Suðurlands, vegna mögulegrar afturköllunar staðfestingar mennta- og barnamálaráðherra á reglum um innritun og útskrift nemenda vegna sérdeildar Suðurlands.


Svör bárust frá sveitarfélögum Árborg og Hveragerðisbæ, dags. 13. og 16. desember sl. Þar kom fram að sveitarfélagið Árborg hefði hafið vinnu við uppsögn þjónustusamnings um sérdeild Suðurlands.

Í kjölfarið sendi ráðuneytið sveitarfélögum Árborg og Hveragerðisbæ bréf, dags. 21. desember 2022, þar sem óskað var eftir upplýsingum um tímaramma áætlaðra breytinga á fyrirkomulagi sérdeildar Suðurlands. Ráðuneytinu bárust svör frá Árborg, dags. 27. desember sl., um að áætlað væri að nýtt fyrirkomulag á sérdeild Suðurlands myndi taka gildi frá og með 1. ágúst 2023.

Með vísan til svara Árborgar tilkynnir mennta- og barnamálaráðuneytið sveitarfélögum um að ráðuneytið mun ekki aðhafast frekar vegna mögulegrar afturköllunar staðfestingar á reglum um innritun og útskrift nemenda vegna sérdeildar Suðurlands að svo stöddu, eða til 1. ágúst 2023. Óskað er eftir því að ráðuneytið verði upplýst um framvindu málsins fyrir þann tíma.

Fyrir hönd ráðherra


Anna Tryggvadóttir


Lilja Katrín Ólafsdóttir

Samrit: Samband íslenskra sveitarfélaga og sveitarfélögin Árborg, Ásahreppur, Rangárþing ytra, Rangárþing eystra, Mýrdalshreppur, Skaftárhreppur, Bláskógabyggð, Hrunamannahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Ölfus og Hveragerðisbær.